



Skipulags- og byggingardeild Kópavogs
b.t. skipulagsstjóra
Digranesi 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 8. júní 2023

Efni: Umsögn Veitna vegna tillögu að nýju deiliskipulagi og aðalskipulagsbreytingu fyrir Vatnsendahvarf.

Veitur hafa fengið til umsagnar breytingu á aðalskipulagi og tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi felst í að samhæfa/aðlaga aðalskipulag að tillögu að deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf. Gert er ráð fyrir nýju íbúðahverfi með fjölbreyttu formi íbúða, leikskóla/skóla og útivistarsvæðum ásamt möguleika á verslun og þjónustu. Í tillögunni er gert ráð fyrir um 500 íbúðum alls í sérbýli (eimbýli, raðhús/parhús), klasabyggingum og fjölbýlishúsum á 2-3 hæðum auk kjallara.

Veitur eiga og reka hitaveitu og rafmagnsveitu í Kópavogi. Við skipulag nýrra svæða þarf að gæta þess að tryggja rými fyrir nauðsynleg veitukerfi í samræmi við breyttar aðstæður og að veitufyrirtæki komi að gerð skipulagsins framarlega í skipulagsferlinu. Veitur vekja athygli á að ekkert dreifikerfi hitaveitu og rafmagns er til staðar í Vatnsendahvarfi.

Í Vatnsendahvarfi þarf að gera ráð fyrir að styrkja þurfi aðliggjandi dreifistofna hitaveitu og mögulega staðsetja dælustöð til að anna eftirspurn fyrir nýtt hverfi sem og aðra framtíðaruppbyggingu sem fyrirhuguð er á Vatnsendasvæðinu. Einnig þarf að gera ráð fyrir dreifistöðvum rafmagns í hverfinu.

Lóðarhafa/ráðgjafa ber að hafa samband við veitufyrirtæki og fá ráðgjöf og upplýsingar er varða lagnir og mannvirki á svæðinu. Við vinnslu deiliskipulags er mikilvægt að huga að lagnaleiðum veitulagna og aðgengi að lagnakerfinu eftir uppbyggingu auk lóða fyrir mannvirki veitna t.d. dælustöðvar og dreifistöðvar

Veitur leggja áherslu á mikilvægi samráðs frá fyrstu stigum skipulagsferlisins til samþykktar. Jafnframt óska Veitur eftir upplýsingum um áform og tímasetningar svo hægt sé að huga að nauðsynlegri styrkingu og samþættingu við framkvæmdir.

Virðingarfyllst,
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026